

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

386. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu bygðasamlagsins miðvikudaginn 07.03.2018, kl.07:30.

Mættir:

Halldór Auðar Svansson, Guðmundur Geirdal, Bjarni Torfi Álfþórsson, Jóna Sæmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir og Kolbrún Þorsteinsdóttir. Sturla Þorsteinsson boðaði forföll. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri og Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur. Gestir fundarins undir lið 1 voru Þorgils Óttar Mathiesen og Hrafnhildur Helgadóttir frá KPMG, undir lið 2 Jón H. Sigurðsson frá pwc og undir lið 3 Ólafur Kristinsson og Inga Björg Hjaltadóttir frá endurskoðunarnefnd SORPU bs.

Tekið fyrir:

- 1. Ársreikningur SORPU bs. fyrir árið 2017 og endurskoðunarskýrsla KPMG**
Framkvæmdastjóri fer yfir og kynnir ársreikning SORPU bs. fyrir árið 2017 og kynnir jafnframt samanburð rekstrar og áætlunar. Málið rætt. Endurskoðendur kynna skýrslu endurskoðanda um endurskoðunina og áritun endurskoðanda. Málið rætt. Stjórn samþykkir reikninginn og undirritar.
- 2. Skýrsla innri endurskoðanda um innri endurskoðun og eftirlit**
Innri endurskoðendur leggja fram og kynna skýrslu sína um innra eftirlit og innri endurskoðun. Jafnframt athugun á samspili stofnsamnings, eigendastefnu og starfsreglum stjórnar. Málið rætt.
- 3. Álit endurskoðunarnefndar SORPU bs. á endurskoðunarskýrslu ytri endurskoðanda og skýrslu innri endurskoðanda**
Formaður endurskoðunarnefndar SORPU kynnir bréf nefndarinnar um ofangreind málefni. Málið rætt. Stjórn felur framkvæmdastjóra að leggja fram úrbótaáætlun sem miðar við ábendingar ytri og innri endurskoðanda.
- 4. Staða í samningskaupaviðræðum vegna byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar**
Framkvæmdastjóri greinir frá því að samningskaupaviðræður séu hafnar við þrjá af bjóðendum sem tóku þátt í útboði á byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar. Óskað var aðstoðar innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar og embættis borgarlögmanns við ferlið.
- 5. Niðurstaða útboðs á endurskoðunarþjónustu**
Stjórn staðfestir ákvörðun sem aflað var frá stjórnarmönnum um að SORPA tæki tilboði Grant Thornton í ytri endurskoðun en útboðið var sameiginlegt með Reykjavíkurborg.
- 6. Framlenging á verktakasamningi við HJ bíla**
Lagt fram minnisblað yfirverkfræðings vegna tafa á fyrirhuguðu útboði vegna vinnu verktaka við móttöku úrgangs í Álfsnesi. Stjórn heimilar framkvæmdastjóra að framlengja samning við HJ bíla til 1. september 2018.
- 7. Viljayfirlýsing með Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. (Kalka)**
Kynnt drög að viljayfirlýsingu með stjórn Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf. Stjórn felur formanni stjórnar að ganga frá yfirlýsingunni.

[Handwritten signatures and initials]
mly + IAS 26
SB = 137A

8. Breyting á gjaldskrá 1. mars 2018 vegna tiltekinna endurvinnsluefna

Framkvæmdastjóri kynnir minnisblað dagsett 23. febrúar 2018 vegna breytinga á móttökugjöldum tiltekinna endurvinnsluefna s.s. plasts og bylgjupappa. Breytingarnar eru til komnar vegna verðfalls á plastafurðum og bylgjupappa

9. Framlenging á samningi við Sorpstöð Suðurlands bs. vegna móttöku á úrgangi frá suðurlandi

Stjórn staðfestir framlengingu á samningi um móttöku á úrgangi frá Sorpstöð Suðurlands bs. til 31. mars 2018.

10. Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn föstudaginn 16. mars kl. 07:30.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 10:10.

Fundarritari Guðrún Eva Jóhannesdóttir

Halldór Arnar Sveinsson
Guðrún
Jón Guðjónsson
Rannveig
Kolbrunn G. Þorsteinsson
Bjarni Tarpfi
Guðrún Jóhannesdóttir
Guðrún Eva Jóhannesdóttir
Bjarni Hjörðsson